

Skólavarðan

KENNARASAMBAND ÍSLANDS SEPTEMBER 2014



EITT FÉLAG ENN SAMNINGSLAUST

Félag stjórnenda leikskóla skrifaði undir kjarasamning í síðustu viku. Þar með hafa öll aðildarfélög KÍ skrifað undir kjarasamning á árinu að Félagi tónlistarskólakennara undanskildu.




Flókin staða hjá tónlistarskólakennurum

Félag tónlistarskólakennara er eina aðildarfélag KÍ sem á eftir að gera kjarasamning við Samband íslenskra sveitarfélaga. Félag stjórnenda leikskóla skrifaði undir samning í síðustu viku.



Lestrarvandi pilta verður ekki leystur á einni nóttu

Finnski fræðimaðurinn, Pasi Sahlberg, segir samvinnu kennara, starfsþróun og sterka leiðtoga bestu leiðina til að bæta menntakerfið.



Kennaranemar vilja uppræta neteinelti

Hópur nemenda við Menntavísindasvið HÍ hefur unnið að gerð vefsíðunnar neteinelti.is. Nemarnir segja neteinelti stórt vandamál og erfiðara að eiga við það en hefðbundið einelti.



Hvað ætlaðu að gera eftir vinnu?

Ingibjörg Úlfarsdóttir, sérfræðingur í kjara- og lífeyrismálum, hvetur alla þá sem eru á fyrri hluta starfsævi sinnar til að velta fyrir sér lífeyrismálum og kynna sér stöðu sína og möguleika.



Lífsgildin í Brákarborg

Agi, umhyggja og virðing eru höfð að leiðarljósi í athyglisverðri starfendarannsókn á leikskólanum Brákarborg. Markmiðið er jafnframt að skoða hvernig lýðræðisleg gildi birtast í starfinu.

Kennarasamband Íslands
Kennarahúsinu
Laufásvegi 81, 101 Reykjavík
Sími 595 1111
Netfang: ki@ki.is

Ritstjórar: Aðalbjörn Sigurðsson og Arndís Þorgeirsdóttir
Ábyrgðarmaður: Þórður Á. Hjaltsted
Umbrot: Kjarninn
Prófarkalestur: Urður Snædal
Auglýsingar: Stella Kristinsdóttir

S

ÁGÆTI FÉLAGSMAÐUR

Síðustu misseri hefur Kennarasambandið unnið að því að auka og styrkja útgáfu sína. Í vor var tekin í notkun ný heimasíða sem þróuð verður áfram næstu mánuði. Einnig hefur upplýsingagjöf til félagsmanna einstakra aðildarfélaga verið eflað í gegnum rafræn fréttabréf. Í dag stöndum við enn á tímamótum þegar Skólavarðan, málagn KÍ, kemur í fyrsta sinn út sem rafrænn miðill. Félagsmenn geta nálgast blaðið í gegnum App í *App Store* og *Google Play* en einnig í gegnum heimasíðu Kennarasambandsins á nokkrum mismunandi formum. Það á að tryggja að allir geti lesið blaðið á því rafræna formi sem þeim finnst þægilegast. Gert er ráð fyrir að blaðið komi út að fullu rafrænt fimm sinnum á skólaárinu og tvisvar til viðbótar bæði prentað og á rafrænu formi. Starfsmenn útgáfusviðs KÍ bera hitann og þungann af útgáfunni en ég hvet félagsmenn til að senda inn greinar til útgáfusviðsins, eða upplýsingar um efni sem vert er að fjalla um.



**Þórður Á.
Hjaltested**
formaður KÍ

Samninga strax

Mikil orka fór í kjaraviðræður síðasta vetur en þrátt fyrir það náðu tvö aðildarfélög, Félag stjórnenda leikskóla og Félag tónlistarskólakennara, ekki að ganga frá kjarasamningi áður en Ríkissáttasemjari lokaði skrifstofum sínum í júlí vegna sumarleyfa. Það er auðvitað ótækt að ganga samningslaus inn í haustið og ég fagna því að annað þessara félaga, FSL, samdi í síðustu viku við samninganefnd sveitarfélaga. Nú skora ég á sveitarfélög landsins að ganga strax til samninga við Félag tónlistarskólakennara á sömu forsendum og gengið hefur verið frá samningum við önnur aðildarfélög KÍ.

Félag framhaldsskólakennara, Félag stjórnenda í framhaldsskólum og Félag grunnskólakennara standa nú frammi fyrir því



mikla verkefni að gera nýtt vinnumat. Þeirri vinnu á að ljúka eigi síðar en í febrúar, eins og fjallað er um síðar í blaðinu. Verkefnið er krefjandi en það er von mín að þar náist farsæl niðurstaða.

Annasamur vetur framundan

Helsta verkefni KÍ á næstunni, fyrir utan hefðbundna þjónustu við félagsmenn, er að koma samþykktum þingsins í vor í farveg og til framkvæmda. Stefnan sem þar var mörkuð er ekki ósvipuð áherslum fyrri þinga. Litlar breytingar verða því á stefnu KÍ í

stórum málaflokkum, svo sem kjara- og skólamálum. Á þinginu voru hins vegar gerðar talsverðar breytingar á lögum KÍ. Í nokkrum tilvikum var vald fært frá þingi til aðildarfélaganna, m.a. voru kosningar í stjórnir vinnudeilu-, orlofs- og sjúkra-sjóðs teknar út af þingi, en í staðinn tilnefna öll aðildarfélög einn fulltrúa í stjórnir þessara sjóða. Stjórn KÍ gengur frá skipan í stjórnir, nefndir og ráð KÍ nú í september og munu allir fulltrúar fá afhent erindisbréf.

Hvítbókin

Á næstu vikum fer í gang vinna með menntamála-ráðuneyti er byggir á Hvítbók menntamálaráðherra. Skipuð verður verkefnisstjórn og síðan þrír vinnuhópar sem hver um sig fjallar um afmarkað verkefni. Einum hópnum er ætlað að skoða lengd

námstíma, annar fjallar um læsi og sá þriðji um starfsnám. KÍ mun taka þátt í þessari vinnu og vonast til að fá fulltrúa í hvern hóp til að tryggja að sjónarmið kennara fái að heyrast. Framkvæmdastjórn skólamálaráðs er þegar farin að fjalla um og undirbúa vinnuna fram undan. Þeir sem tilnefndir verða í vinnuna af hálfu KÍ njóta góðs af því uppleggi en til viðbótar munu þeir að sjálfsögðu hafa stefnu KÍ, sem meðal annars var mótuð á þingi okkar í vor, að leiðarljósi.

Að lokum vil ég óska öllum félagsmönnum velfarnaðar í störfum sínum. Saman stöndum við sterk. Við menntum Ísland.

Nú skora ég
á sveitarfélög
landsins að ganga
strax til samninga
við Félag tónlist-
arskólakennara á
sömu forsendum
og gengið hefur
verið frá samn-
ingum við önnur
aðildarfélög KÍ.



FLÓKIN STAÐA HJÁ TÓNLISTARSKÓLA-KENNURUM

A Af sjö aðildarfélögum Kennarasamband Íslands hafa sex þegar gengið frá kjarasamningum, nú síðast Félag stjórnenda leikskóla. Eftir standa tónlistarskóla-kennarar sem íhuga þessa dagana hvort þeir eigi að leggja niður störf til að knýja á um samning.

Öll sjö aðildarfélög Kennarasambandsins stóðu frammi fyrir því síðasta vetur að þurfa að endurnýja kjarasamninga. Verkefnið var viðamikil enda sýndu skýrslur og opinberar tölur að kennarar höfðu árin áður smám saman dregist aftur úr viðmiðunarstéttum í launum. Kennarar

fóru því ekki fram á launahækkanir heldur kjaraleiðréttingu. Ráðamenn sögðu engu að síður nei.

Það voru framhaldsskólakennarar og stjórnendur í framhaldsskólum sem fyrstir misstu þolinmæðina. Eftir fjölda árangurslausra samningafunda var boðað til verkfalls um miðjan marsmánuð. Það stóð í tæpar þrjár vikur áður en samningar náðust loks. Grunnskólakennarar lögðu niður störf í einn dag og höfðu undirbúið frekari aðgerðir þegar við þá var samið. Í kjölfarið fylgdu Félag leikskólakennara og Skólastjórafélag Íslands sem náðu að semja áður en til aðgerða kom. Þá var líka langt liðið á sumarið. Samninganefnd sveitarfélaga og starfsmenn

ríkissáttasemjara tóku sér frí sem þýddi að félagsmenn tveggja aðildarfélaga KÍ, Félags stjórnenda leikskóla og Félags tónlistarskólakennara, héldu samningslausir inn í sumarið.

„Samninganefnd félagsins var á einu máli um að lengra yrði ekki komist í bili. Við skrifuðum því undir afturvirkna samning frá 1. maí.“

Samið við stjórnendur leikskóla

Viðræður félaganna tveggja við samninganefnd sveitarfélaganna hófust á ný fljótlega eftir verslunarmannarhelgi. Tæpum mánuði síðar höfðu félagsmenn FSL fengið nóg. Þeir tóku sig til mánudaginn 1. september og fjölmenntu í húsnæði Ríkissáttasemjara til að sýna stuðning sinn í verki. Vel á annað hundrað stjórnendur leikskóla vöktu þar athygli á stöðu mála, mikilvægi þess starfs sem fram fer í

leikskólum og þeirri staðreynd að margir þeirra eru lægra launaðir en undirmenn þeirra. Hópurinn söng líka „Er ekki kominn tími til að semja“. Það virðist hafa skilað árangri því daginn eftir, þriðjudaginn 2. september, var skrifað undir nýjan samning.

„Samninganefnd félagsins var á einu máli um að lengra yrði ekki komist í bili. Við skrifuðum því undir afturvirkna samning frá 1. maí. Þetta er skammtímasamningur, gildir út maímánuð á næsta ári og því eru aðeins níu mánuðir eftir af samningnum þegar hann er undirritaður,“ segir Ingibjörg Kristleifsdóttir, formaður Félags stjórnenda leikskóla. „Samningnum fylgir þétt aðgerðaáætlun sem tekur gildi 1. október ef samningurinn verð-





Barattufundur FF 31. mars 2014 Framhaldsskólakennarar söfnuðust saman í Framheimilinu í Reykjavík þann 31. mars til að knýja á um kröfur sínar. Þá hafði verkfall félagsmanna FF og FS staðið í fimmtán daga.

ur samþykktur. Þar er markmiðið að efla leikskólastjórnendur í stjórnunar- og forystuhlutverki og endurskoða launamyndunar-kerfi þeirra“.

Næstu daga verður samningurinn kynntur félagsmönnum og verður hann í kjölfarið borinn undir atkvæði félagsmanna. Þeirri atkvæðagreiðslu á að vera lokið eigi síðar en 15. september.

Og þá var eftir einn

Níu mánuðir eru frá því að viðræðunefnd Félags tónlistarskólakennara og Sambands íslenskra sveitarfélaga skrifaði undir viðræðuáætlun og enn hafa samningar ekki náðst. „Við höfnum því að meginmarkmið Sambands íslenskra sveitarfélaga í samningsgerðinni eigi ekki við um alla hópa innan sama stéttarfélags, þ.e. Kennarasambands Íslands,“ segir Sigrún Grendal, formaður FT.

„Það er öllum ljóst mikilvægi þess að starfsumhverfi allra kennara sé í stöðugri þróun svo kennarar geti brugðist við



þeim breytingum sem samfélagið kallar á. FT er stéttarfélag tónlistarkennara og skólastjórnenda og við komum saman að samningaborðinu. Í gegnum árin höfum við unnið saman að því að þróa starfsumhverfi og stjórnkerfi tónlistarskóla þannig að það falli að og þjóni sem best stefnumörkun á hverjum tíma. Auk heildarútgáfu á aðalnámskrá tónlistarskóla horfum við til nýrrar mennta- og menningarstefnu stjórnvalda. Tónlistarskólakerfið hefur víðtæku hlutverki að gegna og við viljum axla okkar ábyrgð á þróun samfélagsins. Kjarasamningar snúast ekki eingöngu um bætt kjör stétta, þeir eru einnig mikilvægur hlekkur þegar kemur að framkvæmd stefnumörkunar og faglegri þróun. Kennarar og stjórnendur tónlistarskóla hafa í gegnum árin stöðugt horft til þessa í vinnu sinni og við höfum nú þegar innleitt margar af þeim breytingum sem nú eru til skoðunar hjá öðrum skólagerðum,“ segir Sigrún.

Hún segir félagið hafna þeirri stefnubreytingu að nú eigi að setja störf tónlistarkennara og skólastjórnenda tónlistarskóla skör lægra en kollega þeirra í Kennarasambandi Íslands.

„Við viljum að Samband íslenskra sveitarfélaga haldi orð sín um jafnrétti í launasetningu, að sambærileg og jafnverðmæt störf séu launuð með sama hætti“.

YFIRLIT UM RÉTTINDI ÞÍN Á EINUM STAÐ

Á sjóðfélagavef LSR færð þú m.a. upplýsingar um réttindi þín, greidd iðgjöld og séreignarsparnað ásamt því að hafa aðgang að Lífeyrisgáttinni.

Lífeyrisgáttin er ný leið fyrir sjóðfélaga til að fá á einum stað upplýsingar um áunnin lífeyrisréttindi sín í samtryggingarsjóðum. Með Lífeyrisgáttinni opnast greið leið að þessum upplýsingum.



Lífeyrisgáttin

Upplýsingar um lífeyrisréttindi
á einum stað.



LSR

Lífeyrissjóður
starfsmanna ríkisins

Engjateigi 11
105 Reykjavík
Sími: 510 6100
lsr@lsr.is

www.lsr.is



TRYGGJUM ÖLLUM GÆÐAMENNTUN

Alþjóðasamband kennara (EI) hvetur kennara til að senda Ban Ki Moon, framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, skeyti á alþjóðadegi kennara, þann 5. október næstkomandi, og hvetja hann til að beita sér fyrir því að öll börn og ungmenni njóti gæðamenntunar og að sérstök áhersla verði lögð á aðgengi stúlkna að skólum. Um 30 milljón kennarar eru hvattir til að taka þátt en verkefnið er lokahnykkur átaks samtakanna „Sameinumst um gæðamenntun“ sem staðið hefur yfir í tæpt ár.

Svona tekurðu þátt

Tölvupóstur: Sendið eftirfarandi tölvupóst á netfangið wtd@ei-ie.org



„I, (nafn þitt), support Quality Education For All, a post 2015 development goal for education and the global campaign to get all girls into school.

SMS: Sendið sms í símanúmerið +32-473-535735

„I support Quality Education for All“

Twitter. Tístið með hashtaginu #unite4ed

„I support Quality Education For All, a post 2015 Development Goal for education and the global campaign to get all girls into school #unite4ed

„Um 30 milljón
kennarar eru
hvattir til að
taka þátt“

Ljósmyndasamkeppni

EI hefur einnig hleypt af stokkunum ljósmynda-samkeppni í tengslum við verkefnið „Sameinumst um gæðamenntun“. Kennarar eru hvattir til að taka þátt í keppninni en hver og einn má senda eina ljósmynd.

Hægt er að skrá sig til leiks og kynna sér málið betur á [Facebook-síðu](#) keppninnar. Síðasti skiladagur ljósmynda er 19. september næstkomandi.



Andy Hargreaves

Fagráðið tók í haust þátt í að skipuleggja norrænu ráðstefnuna „Kennarar framtíðarinnar – fagstétt á krossgötum“. Meðal fyrirlesara var breski fræðimaðurinn Andy Hargreaves.

@hargreavesBC
Lynch School of Education
Boston College



ÁHERSLA LÖGÐ Á STARFSÞRÓUN KENNARA

Vinna Fagráðs um starfsþróun hófst á ný eftir sumarfrí með fundi ráðsins í byrjun ágúst. Aðalheiður Steingrímsdóttir, varaformaður KÍ, tók þar sæti í stýrihópi Fagráðsins í stað Bjargar Bjarnadóttur, fyrrverandi varaformanns. Fyrsta stóra verkefnið er að baki, en það var norræna ráðstefnan „Kennarar framtíðarinnar – fagstétt á krossgötum“ sem fjallað er um annars staðar í tímaritinu. Aðalheiður segir að mörg mikilvæg verkefni séu á döfinni.

„Það þarf að ræða faglegt innihald starfsþróunar, gæði og þarfir kennara sem og skólastjórna. Síðan þarf að móta stefnu í starfsþróunarmálum með það að markmiði að auka

„Það þarf að ræða
faglegt innihald
starfsþróunar,
gæði og þarfir
kennara sem og
skólastjórnaenda.

tækifæri og möguleika kennara til fjölbreyttrar starfsþróunar. Fagráðið hefur úr margvíslegum efniviði að byggja í þessari vinnu. Þar má m.a. nefna áðurnefnda ráðstefnu sem fagráðinu var falið að skipuleggja. Einnig munum við hafa til hliðsjónar niðurstöður alþjóðlegrar rannsóknar á starfsaðstæðum og starfsþróun kennara og skólastjórnaenda (TALIS). Hér á landi sá Námsmatsstofnun um að leggja þessa rannsókn fyrir

kennara og skólastjórnaendur í grunnskólum og framhaldsskólum vorið 2013. Niðurstöður um grunnskólann komu út fyrir í sumar og mun framhaldsskólahluti rannsóknarinnar koma fram seinna í haust,“ segir Aðalheiður.

Hún segir að kennarasamtökin hafi miklar væntingar til Fagráðsins sem muni kappkosta að markmiðin með stofnun þess fari nú að koma fram í áþreifanlegri stefnumótun og tillögum.

Sameiginlegur vettvangur um símenntun

Fagráð um símenntun var sett á fót haustið 2012 og er sameiginlegur vettvangur fulltrúa frá KÍ, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, menntamálaráðuneyti, HÍ, HA og Listaháskóla Íslands. Því er ætlað að greina þarfir skólasamfélagsins fyrir símenntun, miðla upplýsingum og setja fram stefnu um starfsþróun kennara og skólastjórnaenda. Á heimasíðu Fagráðsins má finna upplýsingar um starfsemi þess. Síðan er einnig hugsuð sem upplýsingaveita um starfsþróun þar sem upplýsingum um símenntunar- og fræðslutilboð á vegum viðurkenndra fræðsluaðila fyrir kennara og skólastjórnaendur er safnað saman.



HAUSTGANGA UM STÓRU-LAXÁR-GLJÚFUR

Kennarafélag Reykjavíkur hefur staðið fyrir haust- og vorgöngum kennara undanfarin ár. Þetta haustið var ákveðið að ganga Stóru-Laxárgljúfur laugardaginn 30. ágúst. Fararstjórar í ferðinni voru þau Linda Udengard, Baldur Þorsteinsson og Vala Friðriksdóttir. Í hópnum voru um það bil fimmtíu manns sem kenna í hinum ýmsu skólum borgarinnar.

Dagurinn var í alla staði hinn besti. Veðrið lék við göngufólk og birtan yfir landinu var ólýsanleg. Gljúfrin eru mikilfengleg og segja má að um falinn gimstein sé



að ræða. Því miður hafa alltof fáir gengið þessa leið en mjór er mikils vísir.

Gangan sjálf tók um sjö klukkustundir og var heildarvegalengdin sem hópurinn gekk um tuttugu kílómetrar. Eftir gönguna var farið í Fróða, samkomusál KÍ í Heiðarbyggð, þar sem hópurinn átti saman skemmtilega stund við grill og gaman-sögur.

Gönguleiðin

Stóra-Laxá markar skilin milli Hrunamannahrepps og Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Gljúfrin sem áin hefur myndað eru í senn hrikaleg og falleg og eiga upptök sín í Laxárdrögum sunnan Kerlingarfjalla. Segja má þó að hin eiginlegu gljúfur byrji þar sem


Leirá fellur í Stóru-Laxá úr norðri og þar hófst ganga hópsins.

Gljúfrin sjálf eru um tíu kílómetra löng niður að Hrunakrók efst við Laxárdal. Dýpt þeirra er á bilinu hundrað til tvö hundruð metrar. Þrengsti og efsti hlutinn nefnist Svartagljúfur. Á köflum eru gljúfurveggirnir þverhniptir beggja vegna en sums staðar er gljúfrið víðara. Í þeim má finna ýmsar þursabergsmyndanir

og ber þar hæst Fögrutorfu sem er ofarlega í gljúfrunum. Á þeim fallega stað áði hópurinn og naut þess að borða nestið með þessi fallegu gljúfur fyrir augunum.

„Dagurinn var í alla staði hinn besti. Veðrið lék við göngufólk og birtan yfir landinu var ólýsanleg“





Hin eiginlegu gljúfur enda í Hrunakrók en þar er eitt af minnstu veiðisöfnum landsins, aðeins níu fermetrar Húsið reisti Guðmundur frá Miðdal sem veiðihús og hefur það nú verið endurbyggt og hýsir myndir og muni sem segja sögu veiði í ánni.

Næsta vor verður framhald á haust- og vorgöngum kennara. Vonandi sjá sem flestir sér fært að mæta því ferðirnar hafa alla jafna verið eftirminnilegar og ánægjulegar.



Verkefnisstjórn hefur yfirumsjón með undirbúningi og innleiðingu nýs vinnumats framhaldsskólakennara. Frá vinstri: Stefán Andrússon, Reynir Þór Eggertsson, Elna Katrín Jónsdóttir, Ársæll Guðmundsson, Guðmundur H. Guðmundsson og Ólafur Sigurðsson.

VINNUMAT

Í nýjum kjarasamningum Félags framhaldsskólakennara, Félags stórnenda í framhaldsskólum og Félags grunn-skólakennara eru ákvæði um gerð nýs vinnumats þar sem meta á og skilgreina þann tíma sem kennarar verja í einstök verkefni. Mikil vinna er framundan hjá báðum félögum við þetta stóra verkefni sem í byrjun næsta árs verður borið undir atkvæði félagsmanna þeirra. En hver skyldi staðan vera?

Félag framhaldsskólakennara og Félag stórnenda í framhaldsskólum

Verkefnisstjórn um vinnumat hefur þegar hafið störf auk þess sem búið er að stofna fimm vinnumatsnefndir, sem hver um sig fjallar um tiltekin námssvið. Viðfangsefni nefndanna eru:

- | | |
|--|-------------------------------------|
| 1 Starfsnám | 4 Tungumál (erlend mál og íslenska) |
| 2 Starfsnám – listnám | 5 Raungreinar og stærðfræði |
| 3 Félagsgreinar, íþróttir, starfsbrautir | |

Nefndirnar eru þegar teknar til starfa en þær munu á næstu mánuðum taka þátt í undirbúningi vinnumats auk þess að aðstoða skóla við umfjöllun um vinnumatið.

Framhaldið

Verkefnisstjórn um nýtt vinnumat mun opna heimasíðu á næstu vikum á slóðinni www.verkefnisstjorn.is þar sem hægt verður að nálgast upplýsingar um framvindu vinnunnar og koma á framfæri ábendingum. Verði vinnumatið samþykkt í atkvæðagreiðslu í lok febrúar á næsta ári hefst í kjölfarið vinna við að

innleiða nýtt vinnumat formlega í hverjum skóla.

„...hefst í kjölfarið
vinna við að innleiða
nýtt vinnumat form-
lega í hverjum skóla.“

Félag grunnskólakennara

Verkefnisstjórn hóf starf sitt með heils dags vinnufundi í lok júní. Næstu mánuði mun verkefnisstjórnin funda vikulega en drög að leiðarvísunum eiga að vera tilbúin 1. nóvember. Þá tekur við kynningar- og umsagnarferli sem varir út janúarmánuð. Leiðarvísir um vinnumat verður borinn undir atkvæði í síðasta lagi 20. febrúar 2015.

Heimasíðan

Búið er að setja upp heimasíðuna vinnumat.is þar sem félagsmenn FG og aðrir sem áhuga hafa geta fylgst með starfinu. Þar birtast meðal annars allar fundargerðir verkefnisstjórnarinnar. Félagsmönnum FG, skólastjórnendum, sveitarstjórnnum og skólanefndafólki gefst kostur á að senda verkefnastjórninni fyrirspurnir um málefni sem tengjast mati á vinnu kennara og hvernig það verður útfært. Netfang verkefnastjórnarinnar er vinnumat@vinnumat.is. Eingöngu þeim fyrirspurnum sem sendar verða undir nafni og eru málefnalegar verður svarað. Verkefnisstjórn hvetur fólk til þess að senda inn fyrirspurnir.



7 KRÓNA AFSLÁTTUR

Með KÍ-dælykli Atlantsolíu fá félagsmenn
7 kr. afslátt á öllum sjálfsafgreiðslustöðvum félagsins.

Á afmælisdegi dælylkihlshafa veitir dælykill 15 kr. afslátt.

Sæktu um lykil eða uppfærðu afsláttarkjörin á www.ki.is




Pasi Sahlberg segir kennslu barna eiga að fela í sér að hver og einn uppgötví eigin hæfileika og ástríðu. Ekki sé vænlegt að steypa alla í sama mót.



LEYSUM EKKI VAND- ANN Á EINNI NÓTTU

Finnski fræðimaðurinn, Pasi Sahlberg, segir samvinnu kennara, starfsþróun og sterka leiðtoga lykilinn að bættu menntakerfi. Sahlberg var einn aðalfyrirlesara á ráðstefnunni Kennarar framtíðarinnar – fagstétt á kossgötum.





Lestrarvandi pilta verður ekki leystur á einni nóttu, menntastefna sem byggir á samkeppni og stöðlum er ekki vænleg til árangurs og leggja þarf áherslu á starfsþróun og samvinnu kennara. Þetta er meðal þess sem Pasi Sahlberg, finnskur menntafrömuður og prófessor við Harvard í Boston, sagði á ráðstefnu um starfsþróun kennara sem fram fór í byrjun ágúst.

Sahlberg kom víða við í ræðu sinni og talaði meðal annars um alþjóðlega strauma sem gera ráð fyrir að mennta þurfi alla eins. „Þjóðir sem treysta í öllu á samræmda stefnu og samkeppni

skóla eru að mínu mati ekki á réttri leið. Sumir standa í þeirri trú að þetta eitt geti bætt menntakerfið.

Það eru engar alþjóðlegar sannanir til fyrir að þessi staðhæfing standist. Norrænu þjóðirnar hins vegar, og Finnland er kannski besta dæmið, telja að samvinna og starfsþróun kennara sé besta leiðin til að bæta kerfið,“ sagði Sahlberg í stuttu spjalli við Skólavörðuna. Ráðstefnan bar yfirskriftina Kennarar framtíðarinnar – fagstétt á krossgötum og var haldin í tilefni þess að Íslandi gegnir nú formennsku í norrænu ráðherranefndinni. Auk Sahlbergs voru aðalfyrirlesarar þau Sigrún Aðalbjarnardóttir, prófessor á Menntavísindasviði HÍ, og Andy Hargreaves, prófessor í kennslufræðum við Boston College í Bandaríkjunum.

Sahlberg leggur áherslu á að kennarar séu fagfólk og að við treystum þeim á sama hátt og við treystum starfsfólki sjúkrahúsa til að sinna starfi sínu af kostgæfni. „Flestir eru traustsins verðir. Við höfum ekki kerfi sem mælir og stjórnar hverri einustu læknisheimsókn, ekki frekar en við mælum hverja kennslustund. Kerfið getur samt ekki byggst á trausti einu saman og í Finnlandi erum við með samtvinnað matskerfi þar sem við tökum stikkprufur í skólunum, til dæmis af tíu ára nemendum eða þrettán ára. Þannig sjáum við hver staðan er og hvað er í gangi. Við matið er lögð mikil áhersla á að skoða hvers vegna hlutir gerast, t.d. hvers vegna strákar standa sig illa í lestri. Við byggjum matið á fjölda viðhorfsspurninga: Hvað eru strákar að fást við? Hvernig verja þeir tómstundum sínum? Eru



bækur á heimilinu o.s.frv?“ segir Sahlberg.

Stöðluð nálgun innan menntakerfisins er ekki vænleg til framfara, segir Sahlberg. „Aðalgalli stefnu af þessu tagi er að hún leggur mestalla ábyrgð á árangri á hendur kennarans þegar það eru svo margar aðrar breytur sem skipta máli. Það er ekki hægt að búa til gott skólakerfi með því einu að losa sig við þá kennara sem eru ekki frábærir. Hver þjóð hefur auðvitað sín viðmið og í Finnlandi leggjum við mikla áherslu á starfsþróun kennara og notum viðmiðin sem hvata til þess að setja ramma

svo kennarar viti til hvers er ætlast af þeim.

Samvinna og starfsþróun kennara eru best til þess fallin að bæta menntakerfið, auk góðra leiðtoga sem sinna starfi skólastjórnaenda.“

„Neikvæð um-
ræða hefur áhrif
á unga fólkið. Ef
þú ert 15 ára og
heyrir bara sögur
sem þessar þá
er líklegt að þú
hugsir; af hverju
ætti ég að vilja
vinna við þetta?“

Lestrarvandi á sér djúpastæðar rætur

Mikið hefur verið rætt um lestrarvanda pílta hér á landi enda sýna PISA-niðurstöður að um þriðjungur 15 ára pílta geti ekki lesið sér til gagns. Í hvítbók menntamálaráðherra er gert ráð fyrir að tekið verði á þessum vanda á næstu árum. Sahlberg segir svipaðan vanda uppi í Finnlandi og að ekki sé hægt að ráða bót á vandanum á einni nóttu.

„Mín kenning er sú að þverrandi kunnátta í lestri í finnskum skólum sé afleiðing vanda sem ristir mun dýpra og með því að vinna bug á

lestrarvandanum leysum við ekki endileggja hinn undirliggjandi vanda. Ég tel að vandinn sé meðal annars sá að sífellt fleiri strákar telji skólann ekki lengur vera stað sem sé áhugaverður. Þeir geta lært margt sjálfir í tölvunni heima og svo koma þeir í skólann og segja; þetta er ekkert fyrir mig. Það er mikilvægt að finnum leið til að gera skólana eftirsóknarverða fyrir þennan hóp.“

Sahlberg segir Finna meðvitaða um þessa þróun og líklegt sé að lausnin reynist margþætt. „Við erum með virkum hætti að leita að orsökinni og reyna að skilja rót vandans. Lausnir á vanda sem þessum eru oft staðbundnar eða menningarlegar og





Glatt á hjalla

Andy Hargreaves og Pasi Sahlberg slógu á létta strengi við upphaf ráðstefnunnar.

Það sem virkar hjá okkur þarf ekki endilega að virka á Íslandi, í Svíþjóð eða einhvers staðar annars staðar. Það er samt rök-rétt að halda því fram að við getum lært hvert af öðru og og ef einhver norrænu þjóðanna nær árangri í læsi þá vilja hinar þjóðirnar skoða hvernig það var gert.“

Hann segir kennslu barna eiga að fela í sér að hver og einn uppgötví eigin hæfileika og ástríðu. „Það er afar mikilvægt að virkja hvern einstakling í stað þess að steypa alla í sama mót. Við þurfum á fólki að halda sem býr yfir sjálfstæðri hugsun.“



Þarf að snúa neikvæðni í jákvæðni

Talið berst að kennarastéttinni og orðum Andy Hargreaves sem sagði meðal annars í sínum fyrirlestri að launakjör kennara yrðu að vera boðleg. Sahlberg tekur undir þessi orð og segir kennara eiga að njóta sömu launakjara og fólk í öðrum greinum með sambærilega háskólamenntun. „Peningar eru ekki málið þegar fólk velur sér framtíðarstarf en að sjálfsögðu eiga starfskjörin að vera byggð á sama grunni og annarra með sambærilega menntun,“ segir Sahlberg.



Hann segir umræðu um kennarastéttina og menntakerfið of oft neikvæða á Norður-löndunum. Kennarar í Noregi hafa verið í verkfalli í sumar og danskir kennarar hafa átt í deilum við yfirvöld. „Neikvæð umræða hefur áhrif á unga fólkið. Ef þú ert 15 ára og heyrir bara sögur sem þessar þá er líklegt að þú hugsir; af hverju ætti ég að vilja vinna við þetta?“

Sahlberg segir mikilvægt að umræðunni verði snúið við og hún verði jákvæðari í garð kennara og skólakerfisins. Það muni hafa jákvæð áhrif á unga fólkið sem muni þá í meira mæli leggja fyrir sig kennslu. „Annað sem ég tel að skipti miklu máli í þessu samhengi er hvernig samskiptum kennarasambanda og menntayfirvalda er háttað. Góð samskipti eru mælikvarði á gæði skólastarfsins og ef brestir verða þá er líklegt að hlutirnir séu að færast til verri vegar,“ segir Sahlberg og bendir á að í löndum á borð við Finnland, Kanada, Eistland og Suður-Kóreu hafi menn verið lausir við alvarlegar deilur. „Ég tel að þetta atriði þarfnist frekari umræðu,“ sagði Pasi Sahlberg.



AÐ KENNA BÖRNUM LÍFSGILDIN

Agi, umhyggja og virðing eru lífsgildi sem leikskólakennarar og starfsfólk á Brákarborg hafa unnið með í starfendarannsókn sem hefur staðið yfir í eitt og hálft ár. Rannsóknarvinnan hefur haft jákvæð áhrif á leikskólastarfið.





Í leikskólanum Brákarborg hefur undanfarið eitt og hálf ár verið unnin starfendarannsókn með það að markmiði auka skilning á þeim þætti leikskólans sem þróar, kennir og hlúir að ákveðnum lífsgildum. Um er að ræða samstarfsverkefni Rannsóknarstofu í menntunarfræðum ungra barna (RannUng) og leikskólans Ægisborgar auk Brákarborgar. Tveir doktorsnemar, Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir og Johanna Ann-Louise, eru þátttakendur í rannsókninni og beitt er aðferðum starfendarannsóknar í báðum leikskólum. Rannsóknin er þess utan hluti af norrænni rannsókn kennara og fræðimanna í Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð.

Það var líflegt en um leið notalegt viðmót sem mætti blaðamanni Skólavörðunnar í Brákarborg snemma morguns í ágúst. Börnin voru við ýmsa iðju og sinntu námi sínu og leik í öllum stofum þessa rótgróna leikskóla í Sundahverfinu í Reykjavík.

Starfendarannsóknin felur í sér að unnið er með þrjú lífsgildi; aga, virðingu og umhyggju. Markmið verkefnisins er, að sögn Elvu Önundardóttur leikskólakennara, að skoða hvernig lýðræðisleg gildi birtast í leikskólastarfinu.

„Við ræddum fram og aftur um hvaða gildi við vildum vinna með þegar ákveðið var að við tækjum þátt í þessari rannsókn. Fólk skaut ýmsum hugmyndum á loft en niðurstaðan varð sú að þessi þrjú, agi, virðing og umhyggja urðu fyrir valinu.

Umhyggja og virðing eru gildi sem leikskólakennurum fannst mikilvægt að vinna með og svo fannst okkur ekki vanþörf á að vinna með agann, bæði hvað varðar starfshætti okkar kennaranna og nám barnanna. Við vorum sammála um að á þeim sviðum þyrftum við og vildum leggja okkar af mörkum,“ segir Elva.

Að tengja orð og athafnir

Vinna við rannsóknina hófst formlega í júní á síðasta ári og hefur staðið yfir síðan. Verkefni af þessu tagi er ekki hrist fram úr erminni heldur þarfnast það mikils undirbúnings. Meðal



„Það er svo mikilvægt að eiga samtalið við aðra kennara og skiptast á skoðunum um fagið okkar, hvað við erum að gera á hverjum degi, fá viðbrögð, stundum klapp á bakið og stundum hugmynd um hvað megi fara betur.“

annars stunduðu leikskólakennararnir sjálfskoðun og veltu gildunum þremur fyrir sér.

„Við þurftum að skoða hvernig við notum þessi gildi sem leikskólakennarar. Hvernig notum við umhyggju við börnin, hvernig sýnum við virðingu og svo framvegis. Við tókum okkur góðan tíma í undirbúning og það hefur skilað sér í vinnunni. Við höfum líka fengið doktorsnemann sem ætlar að vinna úr gögnunum hingað til okkar, bæði á fundi og að taka við okkur viðtöl,“ segir Elva.

En hvernig læra börnin lífsgildin þrjú?

„Það má segja að rannsóknin færi okkur ákveðin tæki upp í hendurnar, sem styrkja okkur í daglegu starfi. Ég reyni að hafa gildin þrjú í huga þegar ég vinn með börnunum og við notum þessi orð í samræðum við þau. Þetta er nokkurs konar rauður þráður sem fléttast

inn í allt sem við gerum, bæði það sem upp kemur í samskiptum á milli kennaranna og við börnin.“

Elva segir börnin jákvæð gagnvart gildunum en auðvitað finnst sumum stundum erfitt að fylgja þeim eftir. „Ég hef hins vegar séð mörg dæmi þess að þetta hjálpi börnunum og mér er minnisstæður drengur sem vandaði sig því miður ekki í samskiptum við leikskólakennarann sinn. Annar leikskólakennari kom að og spurði; finnst þér þú sýna kennaranum þínum virðingu? Drengurinn stoppaði og áttaði sig strax á um hvað málið snerist. Þannig færum við orðræðuna inn í athafnir og það hentar börnunum vel. Ég held að þátttaka okkar í rannsókninni hjálpi börnunum að læra hvers konar hegðun og framkoma er viðeigandi í samskiptum við aðra og hvaða reglur gilda í samfélagi við annað fólk.“

Einingakubbar eru mikilvægt náms- og leikefni í Brákarborg og margir leikskólakennarar hafa áratuga reynslu af notkun þeirra við kennslu. Elva segir kubbana byggja á hugmyndafræði





Fjölnota kubbar Einingakubbarnir voru hannaðir af Caroline Pratt, bandarískum kennara og skólastofnanda, í New York árið 1913. Þeir eru úr hlyni og ganga stærðfræðilega hver upp í annan. Kubbarnir eru gott námsefni sem eflir ímyndunarafl barna og má halda því fram að þau séu allt í senn, sögumenn, arkitektar og vísindamenn þegar þau vinna með kubbana.

Þar sem unnið er með ákveðna náms- og þroskaþætti. „Einingakubbarnir eru að mínu mati magnað námsefni fyrir leikskólabörn, hlutverk kennarans er mjög ákveðið og þessi gildi, agi, umhyggja og virðing, smellpassa enda eiga þau heima þarna fyrir. Það eru ákveðnar reglur í leik með einingakubbana, lögð er áhersla á að bera virðingu fyrir félögum sínum, hafa sjálfstjórn sem felur í sér aga, og sýna umhyggju í leiknum. Með því að vinna með gildin þá erum við meðal annars að gera orðin sýnilegri í vinnu okkar með kubbana,“ segir Elva.

Þjappar kennarahópnum saman

Að sögn Elvu fylgir verkefninu ýmis vinna, svo sem dagbókar-skrif, myndaskráningar, myndbandagerð og fundir þar sem farið er yfir hvernig gengur. „Við höfum líka fengið Ingibjörgu Ósk doktorsnema í nokkrar heimsóknir en gagnaöflun þessa mánuðina er að mestu í okkar höndum. Við munum vinna að



Brákarborg er í hópi elstu leikskóla Reykjavíkur, stofnaður 1952, og er vel staðsettur í skjólsælu umhverfi milli Skipasunds og Sæviðarsunds. Ríflega 50 börn stunda nám í Brákarborg, í þremur deildum og undir handleiðslu 14 kennara.

Markmið Brákarborgar er að útskrifa sjálfstæða og örugga einstaklinga sem þora að taka eigin ákvarðanir og standa við þær, jafnframt því að virða skoðanir annarra og taka tillit til þeirra.

öflun gagna til áramóta,“ segir Elva og bætir við að verkefni af þessu tagi þjappi kennarahópnum saman.

„Það er svo mikilvægt að eiga samtal við aðra kennara og skiptast á skoðunum um fagið okkar, hvað við erum að gera á hverjum degi, fá viðbrögð, stundum klapp á bakið og stundum hugmynd um hvað megi fara betur. Það hefur líka verið mikilvægt fyrir okkur sem fagfólk að í gegnum rannsóknina höfum við fengið fræðslu í formi fyrirlestra og umræðna, svo dæmi sé tekið. Tengslin við fræðasamfélagið á Menntavísindasviði Háskólans eflir okkur og þátttaka í rannsókn sem þessari getur algerlega talist ígildi símenntunar.“

Faglegt starf og framþróun eru ómissandi þættir í lífi leikskólakennara og þátttaka í verkefni sem þessu er gefandi að sögn Elvu. „Fagleg umræða innan kennarahópsins sem hefur fylgt rannsókninni hefur verið mjög góð. Fyrir mér hefur verið jákvætt að halda dagbók og það eitt hjálpar mér að ígrunda vel hvernig og hvers vegna ég geri hlutina svona en ekki einhvern veginn allt öðru vísi,“ segir Elva Önundardóttir.

Leikskólakennarar í Brákarborg munu kynna þetta áhuga-verða verkefni á Menntakvik 3. október næstkomandi.



Félagslegur trúnaðarmaður KÍ

Hver og einn annar starfi sínu eftir bestu getu

SAMVINNA er lykilatriðið

Styrkir félagslegu starfi í skólunum og á vettvangi félagsmanna

Hlustar, mælir og veitir ráðgjöf og skilaboð við að fella viðtökur

Meginhlutverk

- Er tengiliður stéttarfélags og vinnustaðar
- Kemur fram á skólunum og skilaboðum frá KÍ á framfæri við félagsmenn og vinnustaðinn
- Fylgist með að farið sé eftir ákvaðnum fjárfestingum og að réttur starfsfólks sé virtur
- Veitir félagsmönnum og skólastjórnum upplýsingar um fjárfestingar, réttindi og skyldur
- Er umboðamaður kjórnjórnar KÍ á vinnustaðnum
- Er ábyrgðin í starfsmannasamtöllum ef viðkomandi félagsmaður og/öðru skólastjórni óskar eftir því
- Tekur þátt í vinnuverndarstarfi á vinnustað í samstarfi við skólastjórnandi og öryggis trúnaðarmann
- Hlustar til um að kosinn sé öryggis trúnaðarmaður á vinnustaðnum

Félagslegur trúnaðarmaður er hluti af þróun KÍ

Kennarasamband Íslands www.ki.is

HLUTVERK TRÚNAÐARMANNA

Kennarasambandið hefur látið hanna og prenta veggspjöld um hlutverk og skyldur félagslegra trúnaðarmanna KÍ. Markmiðið er að upplýsa félagsmenn um starf þessara mikilvægu

tengiliða félagsmanna við Kennarasambandið. Veggspjaldið er prentað í tveimur stærðum, A3 og A4, og verður því komið í alla leik-, grunn-, framhalds- og tónlistarskóla landsins á næstu vikum.

NÁMSLEYFASJÓÐUR HEFUR OPNAÐ FYRIR UMSÓKNIR

Athygli er vakin á að Námsleyfasjóður hefur opnað fyrir umsóknir um námsleyfi grunnskólakennara og stjórnenda grunnskóla skólaárið 2015–2016. Umsóknarfrestur er til og með 1. október 2014.

Stjórn sjóðsins hefur ákveðið að við úthlutun verði sett í forgang nám sem tengist:

- Þróun kennsluhátta sem stuðla að fjölbreyttum aðferðum í lestri/stærðfræði

- Kennslu nemenda af erlendum uppruna
- Skal allt að 1/3 námsleyfa úthlutað vegna þessa.

Umsækjendum er gert að sækja um á rafrænu formi á heimasíðu Sambands íslenskra sveitarfélaga, umsóknir sendar á öðru formi verða ekki teknar gildar.

Nánari upplýsingar er að finna á [vefsíðu Námsleyfasjóðs](#).

LIFANDI UMRÆÐA Á VEFNUM

Víkupóstur Félags framhaldsskólakennara hefur hafið göngu sína á ný eftir sumarleyfi. Alls skrifuðu 35 framhaldsskólakennarar, námsráðgjafar og skólastjórnendur Víkupósta síðasta vetur og voru umræðuefnin fjölbreytt og áhugaverð í senn.

Greinarkornið er nýr vettvangur Skólastjórafélags Íslands þar sem félagsmenn SÍ geta komið skoðunum sínum og hugðarefnum um menntamál á framfæri. Þegar hafa birst tvö Greinarkorn og má búast við öflugri umræðu í vetur.

Víkupóstar og Greinarkorn birtast á vefsíðum félagsanna á KÍ-vefnum.

BREYTTAR ÚTHLUTUNAR-REGLUR HJÁ VONARSJÓÐI

Þann 1. september breyttust úthlutunarreglur hjá Vonarsjóði - Verkefna- og námsstyrkjasjóði Félags grunnskólakennara og Skólastjórafélags Íslands. Breytingarnar eru eftirfarandi:

A hluti: Starfsmenntunarskyrur / einstaklingsstyrkur hækkar út 140.000 kr. í 160.000 kr.

C hluti: Hópstyrkir innanlands verða veittir á fjögurra ára fresti í stað fimm ára.

F hluti: Ekki verða veitt námsleyfi skólaárið 2015–2016.



ER FAGMENNSKAN ÍÞYNGJANDI?

*Laufey Axelsdóttir og Gyða Margrét Pétursdóttir hafa rannsakað áhrif efna-
hagshrunsins á leikskólakennara í tveimur í sveitarfélögum. Í niðurstöðum
þeirra kemur m.a. fram að leikskólakennurum fækkaði og vinnuálag jókst.*





„Niðurskurður
á námsleyfum
einum sér
nemur rúmlega
60%. Það sýnir
auðvitað viðhorf
til fagstarfsins“

„Umbætur og þróun leikskólakennaramenntunar og þar með starfsins virðast mæta talsverðri andstöðu innan stjórnsýslu sveitarfélaganna. Rekstrar- kostnaður virðist skipta meira máli en efling leikskólakennara“. Þetta er meðal þess sem kemur fram í greininni „Staða leikskólakennara í tveimur sveitarfélögum í kjölfar hruns“ í ritinu Stjórnmal og stjórnsýsla. Þar rekja Laufey Axelsdóttir, MA í kynjafræði, og Dr. Gyða Margrét Pétursdóttir, lektor við Stjórnmalafraeðideild HÍ, niðurstöður nýlegrar rannsóknar um áhrif efnahagshrunsins á störf og stöðu leikskólakennara. Rakið er hvernig starfsmönnum leikskóla fækkaði, vinnuálag þeirra sem eftir sátu jókst, viðhaldi á leikskólum var sinnt, starfsöryggi minnkaði o.s.frv.

Margt af þessu hljómar kunnuglega því gripið var til svipaðra aðgerða víðs vegar í samfélaginu á þessum tíma. Leikskólakennarar virðast þó einnig hafa staðið frammi fyrir skilningsleysi á gildi þess starfs sem fram fer í leikskólunum og lítil áhersla var lögð á að innan veggja leikskólanna störfuðu vel menntaðir leikskólakennarar. Í sumum sveitarfélögum var takmarkaður vilji til að tryggja eðlilegan framgang leikskólakennara í starfi.

Ódýr barnapössun?

Þessi vandi endurspeglast m.a. í viðtölum við leikskólakennara á Akureyri, en þar er hlutfall leikskólakennara óvenju hátt (um 77%). Kostnaðurinn við það virðist hafa staðið í stjórnendum Akureyrarbæjar. Kynntar voru hugmyndir um að fækka milli- stjórnendum og koma í staðinn á kerfi sem byggði á sameiginlegri ábyrgð menntaðra starfsmanna leikskólanna. Benda skýrsluhöfundar á að þar með hafi möguleikum kvenna til að komast í hóp stjórnenda fækkað. Í stað þess að leggja áherslu á fagmennsku og faglegt starf stéttarinnar sé litið á eftirlit og kennslu ungra barna sem einhvers konar náttúrulegt hlutverk



kvenna. Niðurstaðan hafi orðið hugsunarháttur og framkoma sem viðhélt undirskipun kvenna á vinnumarkaði.



Neikvætt viðhorf til fagstarfsins

Ingibjörg Kristleifsdóttir, formaður Félags stjórnenda leikskóla, segir þessa mynd því miður kunnuglega.

„Samband sveitarfélaga hefur bæði ljóst og leynt lýst andstöðu við lengingu leikskólakennarnáms. Það byggir á mikilli skammsýni þar sem rekstrarkostnaður leikskóla sem eru vel mannaðir af leikskólakennurum er lægri en þeirra sem hafa lágt hlutfall réttindakennara. Má leiða líkum að því að ástæðan sé meiri stöðugleiki á meðal fagmenntaðra, en starfsmannavelta leikskólakennara er 10% en ófaglærðra fer upp fyrir 30%. Samband sveitarfélaga verður að horfa lengra en til 4 ára í senn ef það heldur að rekstrarkostnaður aukist of mikið ef leikskólakennarar fá hærra kaup. Sam-

band sveitarfélaga ruglar ánægju foreldra með þá þjónustu og öryggi sem þeir fá með leikskólavist saman við gæði innra starfs. Gæði innra starfs leikskóla byggjast á fagþekkingu leikskólakennara,“ segir Ingibjörg. „Þessi áhersla blasti líka við þegar ráðist var í hugsunarlausu sameiningu leikskóla eftir hrun til að spara. Við þá sameiningu misstu sveitarfélögin marga reynda stjórnendur og með þeim hvarf dýrmæt reynsla og þekking úr leikskólunum. Erfitt er að sjá að aðgerðirnar hafi skilað fjárhagslegum ávinningi. Einnig hafa sveitarfélögin skorið grimmt niður til starfsmannafunda, námskeiða og fleiri þátta er lúta að starfsþróun kennara. Niðurskurður á námsleyfum einum sér nemur rúmlega 60%. Það sýnir auðvitað viðhorf til fagstarfsins.“

Ekki horft á heildarmyndina

Halldór Halldórsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, segist hafa efasemdir um aðferðafræði rannsóknarinnar sem muni alltaf leiða til þeirrar niðurstöðu sem fékkst.





„Greinin ber þess greinilega merki að ekki var horft á heildarmyndina hjá þeim sveitarfélögum sem um ræðir. Hafa verður í huga að þær aðhalds- aðgerðir sveitarfélaga sem sagt er frá í greininni gengu yfir allt stjórnkerfi sveitarfélaga. Alls ekki er réttmætt að fullyrða að leikskólinn hafi á einhvern hátt farið verr út úr þeim aðgerðum heldur en aðrar þjónustueiningar innan sveitarfélaga.“

Varðandi fullyrðingar um áherslu á rekstrar-arkostnað og það að hugmyndafræði og aðgerðir sveitarfélaganna viðhaldi undirskipun kvenna segir Halldór:

„Ekki verður séð að þessar fullyrðingar séu rökstuddar svo nokkru nemi. Hitt er auðvitað óumdeilt að niðurskurður hefur margvíslegar neikvæðar afleiðingar á faglegt starf á leikskólum, líkt og hjá öðrum stofnunum sveitarfélaga. Mikill árangur hefur hins vegar náðst af þessum aðgerðum og má því væntanlega segja að þær hafi verið réttlætanlegar þótt þær hafi valdið ákveðnum sársauka.“

Ekki rétt að lengja námið

Eitt af því sem Laufey og Gyða Margrét nota í úttekt sinni sem rök fyrir áhugaleysi sveitarfélaga við að tryggja umbætur og þróun leikskólamenntunar er að Samband sveitarfélaga barðist á sínum tíma gegn lengingu leikskólakennaranámsins úr þremur árum í fimm. Halldór segist enn vera á þeirri skoðun að lengingin hafi ekki verið rétta leiðin.

„Áhersla sambandsins, með hliðsjón af þeirri staðreynd að víðast hvar eru leikskólakennarar aðeins um þriðjungur þeirra starfsmanna leikskóla sem sinna menntun og uppeldi, var á að auka menntun starfsmanna leikskóla almennt (fleiri menntaða starfsmenn frekar en meiri menntun leikskólakennara) og greiða þannig fyrir því að starfsmenn með aðra fagmenntun en leikskólakennaranám geti haldið áfram að bæta við sig fagmenntun og öðlast á endanum kennsluréttindi,“ segir Halldór.



VILJA UPPRÆTA NETEINELTI

Hópur kennaranema við Háskóla Íslands hefur hleypt af stokkunum upplýsingavefnum neteinelti.is. Markmiðið með vefnum er að setja fram efni sem getur nýst kennurum og foreldrum sem tæki til að takast á við neteinelti.





Í lok sjöunda áratugarins tókst hópi vísindamanna í fyrsta skipti að senda rafræn skilaboð á milli tveggja tölva og í kjölfarið leit ARPANET dagsins ljós. Vísindamennina óraði líklega aldrei fyrir þeim samfélagsbreytingum sem uppfinning þeirra myndi valda, en fyrirbærið þróaðist smám saman yfir í Internetið eins og við þekkjum það í dag. Netið er í dag einhvern veginn alltumlykjandi. Við fáum t.d. tölvupóst í símann, skoðum heimsfréttirnar í spjaldtölvunni úti á kaffihúsi eða deilum mynd af kvöldmatnum á Instagram, Twitter og Facebook.

Allt er þetta gagnlegt og skemmtilegt. En netið hefur líka fjölmargar skuggahliðar, meðal annars leggja börn og ungmenntu þar hvert annað í einelti. Hópur nemenda við Menntavísindasvið Háskóla Íslands ákvað síðasta vetur að gera það að viðfangsefni í stóru hópverkefni. Niðurstaðan leit dagsins ljós í maí þegar vefsíðunni neteinelti.is var

formlega hleypt af stokkunum. Hlutverki hennar er best lýst á forsíðu heimasíðunnar:

„Ný samskiptaforrit eru sífellt að skjóta upp kollinum sem gera fjölskyldum og vinum auðveldara að tala saman, deila efni og skipuleggja líf sitt. En örri tækniþróun fylgja nýjar áskoranir. Ein sú

stærsta er að móta heilbrigða umræðuhefð og umgengnisreglur á netinu... Enginn hefur rétt til að brjóta aðra niður eða níðast á þeim, hvorki í gegnum tölvuskjáinn með orðum né með berum hnefum úti í samfélaginu“.

Lítið efni til á íslensku

Vefurinn er afkrastur af B.Ed. verkefni ellefu kennaranema sem í fyrra stunduðu nám á þriðja ári við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Skólavarðan ræddi á dögnum við tvo fulltrúa hópsins, þau Bæring Jón Breiðfjörð Guðmundsson og Hrefnu Dögg Sigríðardóttur, til að forvitnast um verkefnið. Þau segja að

„Við vonum að skóla-
stjórnendur, kennara og
aðrir gefi sér tíma til að
kynna sér vefinn og kjósi í
framhaldi að nýta sér efni
hans.“





Hópurinn sem smíðaði vefinn neteinelti.is

Frá vinstri: Páll Ásgeir Torfason, Anna Margrét Pálsdóttir, Bæring Jón Breiðfjörð Guðmundsson, Margrét Ósk Erlingsdóttir (er fyrir framan Bæring), Hrefna Dögg Sigríðardóttir, Harpa Ýr Ómarsdóttir, Arnar Úlfarsson og Ingunn Elísabet Víktorsdóttir. Á myndina vantar Lilju Ósk Magnúsdóttur, Berglindi Björk Bjarkardóttur og Ólaf Tuma Sigurðarson.

síðasta vetur hafi þeim boðist að taka þátt í svokölluðu Skapandi hópverkefni og í gegnum það hafi hópurinn orðið til og síðan vefurinn.


„Ástæðan fyrir því að þetta verkefni varð fyrir valinu er að margir í hópnum höfðu í vettvangsnámi sínu orðið varir við eða séð dæmi um neteinelti í kennslustofum, félagsmiðstöðvum og víðar. Þegar farið var að skoða málið kom í ljós að ekki er mikið til af aðgengilegu fræðsluefni á íslensku, þó t.d. Heimili og skóli og SAFT hafi látið vinna eitthvað,“ segja Bæring og Hrefna.

Á síðunni má finna viðamikið kynningar- og upplýsinga-myndband sem inniheldur margvíslegar upplýsingar um viðfangsefnið. Það er ætlað öllum gestum síðunnar en að öðru leyti er henni skipt upp í undirflokkana; ungmenni, forráðamenn og skólann.

„Vandamálið er stórt og að mörgu leyti er erfiðara að eiga við það heldur en „hefðbundið“ einelti. Ef einelti fer fram á skólalóðinni þá er það vandamál skólans sem er með vinnuferla um hvernig bregðast skal við. En þegar eineltið fer fram á netinu



er óljósara hver á að takast á við vandann. Er það skólinn? Eða foreldrar og forráðamenn? Við erum sannfærð um að það þurfi að gerast á báðum stöðum auk þess sem upplýsa þarf nemendur sjálfa um vandann. Sem skýrir skiptingu síðunnar. Hún er miðuð að þessu – að allir beri ábyrgð“.



Neteinelti.is

Á vefnum geta nemendur, foreldrar og kennarar fundið margvíslegar upplýsingar.

tíma til að kynna sér vefinn og kjósi í framhaldi að nýta sér efni hans. Vitandi að netið er stöðugt að þróast þá erum við meira að segja farin að ræða lítilla um hvernig við höldum vefnum lifandi. Þó hann sé aðeins nokkurra mánaða gamall eru þegar komnar fram nýjungar sem gaman væri að koma á framfæri. Þar má nefna nýjar leiðir til að tilkynna um neteinelti. Hver niðurstaða þessa verður getur aðeins tíminn leitt í ljós. Í millitíðinni vonum við að vefurinn komi að gagni og hjálpi til við að upplýsa fólk um þann vanda sem neteinelti er,“ segja Hrefna og Bæring.

Hvetja kennara til að nýta efnið

Vefurinn var formlega opnaður í vor, nánar tiltekið í maí þegar verkefnið var kynnt. Bæring og Hrefna segja viðtökurnar hafa verið góðar og að margir hafi sýnt verkefninu áhuga. Það hafi alltaf verið markmiðið að búa til efni sem gæti nýst kennurum og foreldrum sem tæki, bæði til að ræða um vandann en einnig til að takast á við hann.

„Við finnum að menn eru forvitnir varðandi notkunarmöguleikana en staðreyndin er að vefurinn og allt efni hans er opið og aðgengilegt og öllum frjálst að nýta það að vild. Við vonum að skólastjórnendur, kennarar og aðrir gefi sér



GÓÐ ÞJÓNUSTA ÞÓ BLIKUR SÉU Á LOFTI

Fjölmarginir orlofskostir standa félagsmönnum KÍ til boða í vetur. Fram undan er undirbúningur fyrir næsta sumar og eru ábendingar um eignir til leigu vel þegnar. Breytingar taka brátt gildi varðandi leigu á Sóleyjargötunni.





Orlofssjóður KÍ hefur lagt áherslu á það síðustu ár að bæta þjónustu sína og fjölga þeim orlofsmöguleikum sem félagsmönnum standa til boða. Viðtökurnar hafa verið góðar og eftirspurnin eftir eignum og orlofsmöguleikum sjóðsins er oftast en ekki mun meiri en framboðið. Fram undan er að undirbúa næsta sumar og nú vantar Orlofssjóð fleiri eignir á skrá. Félagsmenn hafa ár hvert hjálpað með því að benda á eignir sem sjóðurinn geti mögulega fengið leigðar. Við viljum biðja ykkur að halda því áfram enda er öflug þjónusta sjóðsins í allra þágu. Allar ábendingar eru vel þegnar og sendist á netfangið orlof@ki.is

Erfitt haust

Þrátt fyrir að stefnan sé ávallt að bæta þjónustu milli ára með fjölgun orlofsmöguleika og hagstæðara verði þá gengur það ekki alltaf. Reglulega koma bakslög sem takast verður á við. Svo gæti farið nú af nokkrum ástæðum. Ein þeirra er að fjölgun ferðamanna veldur því að sífellt erfiðara er að finna hagstæðar eignir til áframleigu til félagsmanna og þær sem standa til boða hafa hækkað í verði. Á Akureyri missir sjóðurinn þann 1. október sex leiguíbúðir í Hafnarstræti 81. Íbúðirnar eru í eigu Íbúðalána-sjóðs sem nýlega stofnaði sérstakt leigufélag, Klett, utan um eignir sínar. Í framhaldi af því var tilkynnt að félagið myndi í framtíðinni einbeita sér að því að leigja eignir sínar til einstaklinga og hætta leigu til félagasamtaka. Þessu til viðbótar hafa komið upp örfá dæmi þar sem slæm umgengni, ófullnægjandi frágangur og jafnvel brot á reglum um dýrahald hefur orðið til þess að eigendur eigna treysta sér ekki til að endurnýja leigusamninga við Orlofssjóð. Þar má segja að framkoma fárra hafi áhrif á marga. Allt þetta gæti orðið til þess að sjóðurinn geti ekki boðið upp á jafn fjölbreytta orlofskosti á næsta ári og hægt hefur verið undanfarin misseri.

Eins og þetta sé ekki nóg þá þarf Orlofssjóður einnig að skerða þjónustu sína á Sóleyjargötu 25 og 33. Nú er svo komið





Fróði – fundarsalur

Vakin er sérstök athygli á að Orlofs-sjóður hefur yfir að ráða stórum og björtum fundar- og ráðstefnusal í orlofshúsi númer 2 við Háamóa, Heiðarbyggð á Flúðum. Í næsta nágrenni á Orlofssjóður 12 hús til viðbótar sem hægt er að nýta í tengslum við fundahöld í Fróða. Fulltrúum í stjórnun og nefndum Kí er sérstaklega bent á þennan möguleika.

að leiguverð dugir ekki lengur fyrir kostnaði vegna þvotta á líni. Því hefur verið ákveðið að frá og með 1. janúar næstkomandi verði lín ekki lengur innifalið í leigu. Félagsmenn hafa þá val um að koma með sitt eigið eða leigja lín á 1.500 krónur á manninn. Enn fremur eru ekki lengur í boði aukadýnur á Sóleyjargötunni. Ástæðan eru reglur um fjölda gesta í leiguíbúðum sem settar eru af brunamálayfirvöldum.

Horft fram á veginn

Þrátt fyrir allt þetta standa félagsmönnum til boða fjölmargir orlofskostir í vetur. Útbúinn hefur verið nýr verðlisti fyrir þær eignir og gera má ráð fyrir að á næstu mánuðum náist smátt og smátt að stoppa upp í áðurnefnd göt á þjónustunni. Sérstök áhersla verður lögð á að finna nýtt leiguhúsnaði á Akureyri og nágrenni enda hafa íbúðirnar þar notið mikilla vinsælda. Stjórn og starfsfólk Orlofssjóðs vill að lokum þakka góðar viðtökur og samskipti síðustu misseri.

F.h. Orlofssjóðs

Elís Þór Sigurðsson, formaður stjórnar Orlofssjóðs

Ólöf S. Björnsdóttir, þjónustustjóri sjóða

KÍ UPPFRÆÐIR FORYSTUHÓPINN



**Aðalheiður
Steingrimsdóttir**
Varaformaður
Kennarasambands
Íslands

Í þeirri stefnu sem þing KÍ lagði sl. vor um fræðslumálin er m.a. lögð áhersla á að fræðslunefnd KÍ hafi annars vegar með höndum forystufræðslu fyrir kjörna fulltrúa í stjórnnum, nefndum og ráðum KÍ og aðildarfélaga til að styrkja fólk í störfum sínum og hins vegar sameiginlega fræðslu fyrir trúnaðarmenn um hlutverk þeirra, helstu hagsmunamál stéttarinnar og það sem er ofarlega á baugi hverju sinni.

Fræðslunefndin vinnur nú að undirbúningi þessa, en hana skipa Aðalheiður Steingrimsdóttir og Hafdís D. Guðmundsdóttir frá KÍ, Elín Anna Ísaksdóttir FT, Fjóla Þorvaldsdóttir FL, Guðbjörg Ragnarsdóttir FG, Hanna Björg Vilhjálmisdóttir FF og Ingibjörg Kristleifsdóttir sem er fulltrúi allra stjórnendafélanna (FS, FSL, SÍ).

Markmiðið með forystufræðslunni er að efla þekkingu á uppbyggingu og starfsemi kennarasamtakanna og fyrir hvað þau standa, sem og þátttöku í framkvæmd stefnumála og virkni í félagsstarfi. Mikilvægt er að fólk sem er kjörið er til trúnaðarstarfa fyrir kennarasamtökin þekki vel ábyrgð sína og skyldur,



nú þegar nýtt starfstímabil fer í hönd. Forystufræðslan verður á dagskrá snemma í haust og verða nánari upplýsingar um hana birtar bráðlega.

Námskeið fyrir trúnaðarmenn

Fræðslunefndinni er ætlað að hafa með höndum árlega fræðslu fyrir trúnaðarmenn og hefur hún ákveðið að byrja á því að einbeita sér að nýjum og nýlegum trúnaðarmönnum. Þó að fræðsla þeirra um sameiginleg hagsmuna- og réttindamál sé nú orðin miðlæg þá munu aðildarfélögin áfram sjá um fræðslu fyrir trúnaðarmenn sem tengist beint kjarasamningum þeirra og innra starfi. Fræðslunefndin hefur skoðað hvað trúnaðarmenn sögðu um fræðsluþörf sína í könnun sem var lögð fyrir þá vorið 2013 og verða þær niðurstöður notaðar til að skipuleggja fræðsluna. Þar eru ráðningarmál mjög ofarlega á blaði sem og lífeyrismál, veikinda- og orlofsréttur og vinnuumhverfismál. Gert er ráð fyrir að þessi sameiginlega trúnaðarmannafræðsla verði á dagskrá þegar kemur fram í október og verða nánari upplýsingar sendar út þegar þar að kemur. Reyndari trúnaðarmönnum verður boðið að vera með í fræðslunni ef þeir telja sig hafa þörf fyrir hana.



HVAÐ ÆTLARÐU AÐ GERA EFTIR VINNU?



**Ingibjörg
Úlfarsdóttir, sér-
fræðingur hjá KÍ í
kjara- og réttinda-
málum, skrifar**

Þú í framtíðinni vilt að þú í nútíðinni lesir þessa grein og ég vona að þú gerir það. Í upphafi starfsævinnar eru lífeyrismál yfirleitt ekki efst í huga okkar. Mörgu ungu fólki finnst lífeyrismál óspennandi, flókin og leiðinleg. Upphaf lífeyristöku er í fjarlægri framtíð og þar af leiðandi okkur næstum óviðkomandi þegar við erum að stíga fyrstu skrefin á vinnumarkaði. En hvenær er þá eðlilegt að byrja að hyggja að lífeyristöku? Mörgum finnst að það hljóti að vera skömmu áður en farið er á lífeyri eða að minnsta kosti ekki mjög mörgum árum áður, hvað þá áratugum. Eftir að hafa svarað fyrirspurnum um lífeyrismál hér hjá KÍ síðastliðin ár hef ég oft hugsað um hvernig hægt væri að fá félagsmenn til þess að hugsa fyrir um lífeyrismál og kannski er það einmitt byrjunin að skrifa þessa grein.

Við getum gert ráð fyrir að eiga eftir að lifa lengur en fyrri kynslóðir. Starfsævin okkar er um þrír til fjórir áratugir og við stefnum á að njóta lífsins í einhverja áratugi eftir að við hættum störfum svo að lífeyrismál skipta okkur mjög miklu máli. Lestu því áfram.



Í samtölum við ungt fólk um lífeyrismál nefna flestir það sama. Allir vita að það er skylda, og afar mikilvægt, að greiða í lífeyrissjóð en lífeyrismál vekja ekki áhuga. Af hverju ætti ungt fólk að vera að velta sér upp úr einhverju sem gerist í fjarlægri framtíð? Áhuginn vaknar þó smátt og smátt hjá flestum og þegar fólk fer að nálgast sextugt hefur það oftast leitt hugann að því hvenær það geti farið á lífeyri. Það fer því eftir því hvar við erum á lífsleiðinni hversu áhugasöm við erum um þessi mál.

En er eitthvað sem við verðum að vita þegar að kemur að þessum tímamótum, annað en hvenær við getum farið á lífeyri eða hvaða eyðublöð á að fylla út? Er kannski bara nóg að kynna sér þetta rétt undir lok starfsævinnar?

Er kannski bara nóg að kynna sér þetta rétt undir lok starfs- ævinnar?

Ég tel að það sé mikilvægast fyrir okkur að vita að tekjurnar lækka þegar kemur að lífeyristöku. Það fer auðvitað eftir því hvað við höfum lengi greitt í lífeyrissjóð hversu mikill munur verður á launatekjum og lífeyrisgreiðslum, en inni á vef lífeyrissjóðanna eru reiknivélar þar sem er hægt að skoða áunnin réttindi, en einnig áætluð réttindi. Það eru þessi áætluðu réttindi sem mikilvægt er að kynna sér.

En ef við höfum nú forskot og vitum það mikilvægasta, sem er að tekjurnar okkar lækka við upphaf lífeyristöku, hvað gerum við þá með slíkar upplýsingar snemma á starfsævinni? Það er auðvitað hægt að fara margar leiðir, en í boði er ágætis leið nú þegar, séreignarsparnaðurinn sem er og verður bein launahækkun. Ef starfsmaður lætur draga af sér 2-4% af heildarlaunum fær viðkomandi 2% kjarasamningsbundið mótframlag frá launagreiðanda og getur þannig stuðlað að betri hag þegar kemur að lífeyristökunni. Annað gæti komið sér vel, eins og að ná að greiða upp húsnæðis- og námslán, þó að það geti í upphafi virst eins og að ætla að borða heilan fíl. Það gæti því reynst vel að stilla afborgunum af lánum upp þannig að þau séu uppgreidd við 65 ára aldur, því það er vel hægt að greiða þau upp smátt og smátt ef við höfum þrjátíu til fjörutíu ára fyrirvara. Þannig




getum við búið í haginn fyrir árin eftir vinnu með ýmsum leiðum.

Ég vil því hvetja alla þá sem eru á fyrri hluta starfsævi sinnar til að velta fyrir sér lífeyrismálum og kynna sér stöðu sína og möguleika. Það er gott að vita fyrirfram hvenær lífeyristaka getur hafist og hverjar tekjurnar verða og spá í hvernig við ætlum að mæta því að hafa jafnvel minni tekjur þegar við hættum að vinna. Það getur verið að þú í nútíðinni hugsir að það sé langt í þetta, en hafðu þetta samt bak við eyrað, því þú í framtíðinni vilt vita þetta.

GAMAN AÐ VERA MEÐ FRÁ BYRJUN

Hanna Dóra Þórisdóttir er félagsmönnum KÍ að góðu kunn enda stóð hún vaktina hjá Orlofssjóði KÍ um langt árabíl. Hanna Dóra var allt í öllu er kom að rekstri sjóðsins og átti sjálf mikinn þátt í að byggja upp blómlega sum-arhúsaleigu og brydda upp á öðrum nýjungum í ferðamennsku til handa kennarastéttinni.





Hanna Dóra hætti formlega störfum hjá Kennarasambandinu nýverið. Hún var kvödd við starfslok og henni þökkuað vel unnin störf í þágu kennara.

Orlofssjóður KÍ hefur vaxið og dafnað frá stofnun Kennarasambands Íslands árið 2001. Það var einmitt þá sem Hanna Dóra Þórisdóttir réð sig til starfa hjá sjóðnum. „Það var gaman að vera með í þessu frá byrjun og taka þátt í uppbyggingunni. Ég kom með ýmsar hugmyndir í mínu farteski og kom mörgum þeirra í gegn. Stjórnin var alla tíð mjög jákvæð og stjórnarmenn komu líka með góðar hugmyndir þannig að við unnum þetta saman,“ segir Hanna Dóra.

Hanna Dóra fylgdi leikskólakennurum þegar þeir gengu í Kennarasamband Íslands árið 2001. Hún stundaði nám við Fóstruskóla Sumargjafar sem var til húsa að Frikirkjuvegi 11 og útskrifaðist árið 1967.

Hanna Dóra vann í leikskólum um árabil, meðal annars á Hlíðaborg, í Kaupmannahöfn, á Kópahvoli og á geðdeild Barnaspítala Hringins. Hún titlar sig enn sem leikskólakennara í símaskránni. „Mér þykir alltaf vænt um starfsheitið þótt ég hafi stærstan hluta starfsævinnar unnið á skrifstofu.“

Árið 1976 söðlaði Hanna Dóra um og gerðist framkvæmdastjóri Fóstrufélags Íslands sem í þá daga var fagfélag og án réttinda stéttarfélags. „Ég vann fyrir félagið í átta ár. Þetta var fjórlegur vinnustaður og ég sinnti öllu því sem til féll, fyrst í hálfu starfi og síðar í fullu starfi. Ég meira að segja púsalaði saman fréttabréfinu og dætur mínar sáu um að pakka því. Þá var aldrei spurt um tíma né peninga, verkin varð að vinna.“

Hanna Dóra varð fyrsti starfsmaður Barnaheilla sem voru stofnuð árið 1989 en samtökin vinna eins og kunnugt er að mannréttindum barna með fræðslustarfi, innlendum og erlendum verkefnum og neyðaraðstoð þegar það á við. „Ég var eini starfsmaður Barnaheilla en Páll Ásgeirsson barnageðlæknir gegndi formennsku í samtökunum,“ segir Hanna Dóra. Samtök-



in hófu þegar handa við að láta þýða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og fá hann fullgiltan fyrir Íslands hönd en það var gert árið 1992. Barnasáttmállinn var hins vegar ekki lögfestur hér á landi fyrr í fyrra og er nú hluti af íslenskri löggjöf, en það er önnur saga.

En víkjum talinu aftur að Orlofssjóðnum. Hanna Dóra segir uppbyggingu hans hafa gengið vel frá byrjun og fljótlega hafi verið bryddað upp á nýjungum.

„Við hófum fljótlega að bjóða hótelmiða en slíkt hafði ekki

„Það var gaman að vera með í þessu frá byrjun og taka þátt í uppbyggingunni. Ég kom með ýmsar hugmyndir í mínu fartessi og kom mörgum þeirra í gegn.“

tíðkast, sjóðurinn hafði einbeitt sér að útleigu sumarhúsa. Við vildum auka fjölbreytnina enda fengum við stundum spurningar frá félagsmönnum sem áttu sumarhús; þeir spurðu hvernig þeir ættu að njóta framlaga

sinna til sjóðsins. Það þurfti því að huga að því hvernig sjóðurinn gæti þjónað sem flestum félagsmönnum. Hótelmiðarnir voru ein leið til að auka fjölbreytnina,“ segir Hanna Dóra.

Sólarlandaferðir og flugmiðar voru næsta nýjung og segir Hanna Dóra að í upphafi hafi verið gerður samningur við Sumarferðir sem þá voru ný ferðaskrifstofa. Orlofssjóður skuldbatt sig til að kaupa ákveðinn fjölda farmiða og þar með myndaðist grundvöllur til samnings. „Þetta mæltist mjög vel fyrir og alla tíð síðan hefur sjóðurinn reynt að bjóða félögum flugmiða til útlanda á góðum kjörum. Þjónustan var svo enn aukin því um árabil bauð Orlofssjóður upp á sumarhús á Spáni til leigu.„Þetta varð fljótt mjög vinsælt enda tiltölulega hagstætt því leigan var niðurgreidd af sjóðnum,“ segir Hanna Dóra.

Starfið hjá Orlofssjóði var annasamt og álagið gat verið mikið, einkum á veturna. „Já, það fylgdi því mikið umstang að undirbúa sumarúthlutunina, ákveða hvaða hús yrðu í boði, útbúa Orlofsblaðið og um leið ganga frá bókhaldi síðasta árs. En



ÁGÚST 1968



Ágúst 1968 Hanna Dóra starfaði á leikskólum um árabil og hún hefur alltaf titlað sig sem leikskólakennara í símaskránni þótt hún hafi verið stærstum hluta starfsævinnar við skrifstofustörf.

Þetta var skemmtilegt og tíminn leið hratt. Svo þegar úthlutun hófst þá má segja að hlutirnir hafi rúllað nokkuð vel.“


Þótt Hanna Dóra sé hætt störfum hjá Orlofssjóðnum þá situr hún ekki með hendur í skauti. Hún hefur síðustu misseri byggt sig upp hjá Heilsuborg en áhugamálin eru líka nokkur. „Já, golfið er mín íþrótt og ég geri töluvert af því að fara í golf. Það er góð útivist og hreyfing í senn. Svo er ég sjálfbóðaliði hjá Thorvaldsenfélaginu og vinn á basarnum tvo daga í mánuði auk þess að taka að mér hin og þessi verk fyrir félagið. Síðast en ekki síst nýt ég þess að sinna fimm yndislegum barnabörnum,“ segir Hanna Dóra Þórisdóttir.

FÉLAGINN HULDA MARÍA MAGNÚSDÓTTIR (34)

VÆRI TIL Í AÐ TAKA ÞJÓÐINA Í KENNSLU-STUND Í JAFNRÉTTISMÁLUM

Hulda María Magnúsdóttir er grunnskólakennari við Foldaskóla í Reykjavík. Hún var ötul í baráttu grunnskólakennara fyrir bættum kjörum á vordögum og tók þátt í að skipuleggja vel heppnaðan útifund grunnskólakennara á Ingólfstorgi. Hulda María hefur gegnt trúnaðarstörfum fyrir grunnskólakennara frá árinu 2013.

HVER: Grunnskólakennari við Foldaskóla og varamaður í stjórn Félags grunnskólakennara.



Hvernig leggst komandi vetur í þig? Bara nokkuð vel. Ég er að fara að kenna nýtt fag og er spennt fyrir því. Svo er ég líka mjög spennt að sjá kynningu á vinnu-matinu.

Þú varst áberandi í baráttu FG í að-draganda nýrra samninga, ertu sátt við nýja kjarasamninginn? Maður vill alltaf fá meira og launin eru auðvitað ekki

enn ásættanleg miðað við menntun og ábyrgð. En ég tel að þetta sé það besta sem við gátum fengið í þessari lotu og er bara nokkuð sátt við minn hlut sem ungur kennari.

Ætlaðu að stunda líkamsrækt í haust? Ég ætla alltaf en svo er misjafnt hvað verður úr.



Hvaða þekktu persónu hefðirðu viljað hafa sem kennara? Ég held að það hefði verið mjög áhugavert að hafa frú Vigdís sem kennara, ég held að hún sé fróð og skemmtileg kona.

Hver ætti að fara í skammarkrókinn? Ríkisstjórnin, ég er ekki mjög hrifin af því sem er í gangi þar.

Hvað finnst þér best í eigin fari? Hvað ég er ákveðin og reyni að vera fylgin mér. Þegar ég tek verkefni að mér legg ég mig alla fram um að klára það vel.

Í hvaða félögum og klúbbum ertu? Amnesty, UN women og Liverpool-klúbbum

Hvaða bók lastu síðast? Nýju bókina um Bridget Jones (Mad About the Boy).

Hvert var uppáhaldsfagið í skóla? Mér fannst nú bara almennt gaman en samfélagsfræði og félagsfræði voru í mestu uppáhaldi ásamt íslenskum bókmenntum.

Hundur eða köttur? Köttur

Hvernig færðu útrás? Stöku sinnum dröslast ég upp á Esjuna og hleyp svo niður á fullum spretti, það er rosa útrás. Annars syng ég hátt og af innlifun með skemmtilegri tónlist í bílnum mínum og tek tryllta dansa á stofugólfinu heima hjá mér.

Ef þú mættir taka íslensku þjóðina í eina kennslustund, hvað myndirðu kenna? Ætli það yrði ekki eitthvað tengt jafnrétti, mitt áhugasvið

Hver er uppáhaldsstjórnmalamaðurinn þinn? Mér dettur nú enginn sérstakur í hug

Hverju deildirðu síðast á Facebook? Mynd af mér og Auði vinkonu minni á Gay pride

Snjallsími eða spjallsími? Snjallsími, þegar maður er kominn með slíkan er engin leið til baka...